

# Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Erum einnig á [visir.is](#) og [mbl.is](#)

ÁGÚST 2023

7. tbl. 30. árg.

EINFALT OG ÞÆGILEGT

Pantaðu lyfin  
á [lyfjaval.is](#)

Veldu að sækja í  
næsta apótek eða  
fáðu sent heim.

Lyfjaval



Óðinsgata 1 - Reykjavík  
Sími: 511 6367

Netverslun:  
[systrasamlagid.is](#)

Sjá nánar á [facebook.com/Systrasamlagid](#)

**B&T**

RÉTTING & SPRAUTUN  
578 5070

Skemmuvegi 44m · Kópavogi  
[www.bilarogtjon.is](#)

## Sumarblíða í Siglunesi



Börn og unglingar hafa mikil áhrif á dagskrá frístundaheimila Miðbergs í Breiðholti. Margir biðu með mikilli eftirvæntingu eftir uppáhalds ferðum sumarsins. Meðal þeirra ferða sem þáttakendur völdu í ár er að fara á árabáta í Siglunesi þar sem þessi skemmtilega sumarmynd er tekin.

**Þitt hverfi hefur hækkað  
einna mest síðastliðið ár.**

**LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst 510 7900**

**LIND**

FASTEIGNASALA

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / [www.FASTLIND.is](#)

**RECARO**

Barnabílstólar í úrvali



SEAT  
FIX

AIR  
CIRCULATION  
SYSTEM

LIGHT  
WEIGHT

ECE  
NORM  
R 44/04

HERO

ISO  
FIX

ADVANCED  
((SIDE))  
PROTECTION

3 POINT  
BELT

**BÍLASMIÐURINN HF**

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - [www.bilasmidurinn.is](#)

**LÆGSTA VERÐIÐ**

**Í REYKJAVÍK**

**ER Í SUÐURFELLI**





# Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.  
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171  
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 893 5904  
Netfang: thordingimars@gmail.com  
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298  
Heimasíða: borgarblod.is  
Netfang: borgarblod@simnet.is  
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson  
Umbrot: Borgarblöð ehf.  
Prentun: Landsprent ehf.  
Dreifing: Póstdreifing ehf.  
7. tbl. 30. árgangur  
Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

## Hvar á að byggja?

Í dag búa tæpleg 140 þúsund manns í Reykjavík og hátt í 250 þúsund á öllu höfuðborgarsvæðinu. Íbúum hefur fjölgað ört á undanförmum árum bæði af landi og frá löndum.

Í búafjölgunin hefur kallað eftir nýju húsnæði og nýjum byggingasvæðum. Þótt mikið hafi verið byggt á umliðnum árum er enn langt í land að þörfinni fyrir íbúðarhúsnæði sé fullnægð.

Hluti þessa aðkallandi íbúðavanda hefur verið leystur með því að reisa íbúðabyggð á auðum og áður óbyggum svæðum innan núverandi byggða eða með því að huga að endurbyggingu eldri svæða. Þar hefur einkum verið horft til eldri iðnaðarsvæða sem henta vel til íbúðabygðar.

Í Reykjavík var löngum mjög dreifð byggð. Dreifðbyggðatefnan réð löngum í skipulagsmálum borgarinnar. Nú hefur orðið breyting á þótt nokkuð hafi verið deilt um framkvæmd þéttingarinnar.

Byggðapétting dugar þó ekki ein til að leysa íbúðavandann að fullu. Því þarf að finna ný byggingasvæði.

Reykjavík er ekki landmikil. Því verður erfiðar að finna nýjum byggðum bolum stað eftir því sem fjölgunin verður meiri. Því vakna spurningar um hvar eigi að byggja.

Í því efni má nefna land Keldna norðan Vesturlandsvegar sem Háskóli Íslands hefur haft til afnota fyrir tilraunastöð í áratugi. Annað land er að finna á Hólmsheiði. Einkum til staðsetningar atvinnufyrirtækja. Kjalarnes gæti orðið framtíðar búsvæði sem byggist þá á að Sundabraut sem rifist hefur verið um árum saman verði að veruleika.

# Undirbúningur að íbúðahverfi í Norðurmjódd



Séð yfir svæði í Norðurmjódd sem ætlunin er að endurbyggja. Eins og sést á myndinni er um fremur sundurlausa byggð að ræða, sérhæfðar skemmur og umtalsvert rými er undir bílastæði.

Mynd: Klasi.

Nú liður að því að hafist verði handa um uppbyggingu íbúðahverfis í Norður Mjódd í Breiðholti. Íbúðahverfið mun leysa af byggð sem einkum hefur hýst viðskipta- og umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur þann 28. júní 2023 var lögð fram skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar á deiliskipulagi Norður Mjóddar fyrir lóðirnar Stekkjarbakka 4 til 6 og Álfabakka 7.

Samþykkt var að kynna lýsingu fyrir almenningi ásamt því að leita umsagnar hjá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Vegagerðinni, Verkefnastofu Borgarlínu, Betri Samgangna, Strætó bs., Veitum ohf., Minjastofnun Íslands, Íbúaráði, íbúasamtökum í Breiðholti, slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Kópavogsbæ og eftirtöldum deildum, skrifstofum

og sviðum Reykjavíkurborgar; skrifstofu framkvæmda og viðhalds, samgöngu- og borgarhönnunar-deild, skrifstofu reksturs og umhirðu, skrifstofu umhverfisgæða, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Skóla- og frístundasviði og Velferðarsviði. Ekki verður um stækkun lóða að ræða en lóðamörk geta tekið breytingum. Lóðarhafi í Norður Mjódd er Klasi fasteignapróunarfélag. Eigendur Klasa eru Hagar hf., Regin hf. og KLS eignarhaldsfélag ehf.

### Fjögurra til sjö hæða byggingar

Samkvæmt skipulagshugmyndum verður lögð áhersla á blandaða byggð á fyrrgreindum lóðum. Þar er gert ráð fyrir íbúðum matvöruverslun auk fleiri innviða. Fyrir liggur að öll starfsemi Garðheima verður flutt yfir í Suður Mjódd þar

sem framkvæmdir eru við að hefjast. Auk þess verða núverandi byggingar sem tengjast meðal annars olíusölu og annarri verslunarstarfsemi fjarlægðar. Á heimasíðu Klasa segir að þróunarsvæðið sé við borgarlínu nálægt stofnbraut og þungamiðju höfuðborgarsvæðis. Sú staðsetning gefi mörg tækifæri til umbreytinga. Fjölbreyttir innviðir séu til staðar ásamt tengingu við útivistarsvæði Elliðaárdalsins. Samkvæmt samkomulagi við Reykjavíkurborg verður unnið nýtt deiliskipulag fyrir lóðirnar. Gert er ráð fyrir fjögurra til sjö hæða byggingum. Þegar áform um byggingar í Norður Mjódd voru fyrst kynntar haustið 2021 mættu þær nokkurri andstöðu hjá nágrönnum. Einkum var um að ræða íbúa í Stekkunum sem töldu háar byggingar myndu takmarka útsýni til norðurs.

# Mygla í fimmtugum Hólabrekkuskóla

- hluti nemenda fluttur í Korpuskóla

Tæpur helmingur nemenda Hólabrekkuskóla í Breiðholti þarf að verja næstu skólaárum í Korpuskóla í Grafarvogi. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir vegna rakaskemmda munu standa yfir í húsnæði Hólabrekkuskóla næstu árin.

Hólabrekkuskóli er í fjórum húsum. Vinna er hafin við tvö þeirra og stefnt á að taka hin til lagfæringa síðar. Um 240 nemendur Hólabrekkuskóla verða færðir yfir í Korpuskóla tímabundið en í skólanum eru um 500 nemendur. Nemendur í sjötta til tíunda bekk Hólabrekkuskóla munu fara með rútum í Grafarvoginn alla virka morgna vikunnar. Nemendur í fyrsta til fimmta bekk halda kyrru fyrir heima í Breiðholti. Húsnæði Hólabrekkuskóla er 50 ára. Myglan kom fram á síðasta ári þegar rör sprakk í kjallara í húsnæðinu. Þá myndaðist raki í einni álmunni. Í kjölfar þess voru fleiri rými skoðuð og við það kom í ljós að rakaskemmdir væru á fleiri stöðum. Nú þarf að teikna upp á nýtt og hanna og



Nemendahópur fyrir utan Hólabrekkuskóla.

síðan að hefja framkvæmdir sem gætu tekið um tvö til þrjú ár eftir því hvernig þeim miðar áfram.



Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir  
eða fáðu lyfin send heim

Pantaðu á appotek.is  
eða í síma 568 0990

**Garðs Apótek - í yfir 60 ár**

Sogavegi við Réttarholtsveg  
Ópið 9-18 virka daga.



# TRYGGÐU ÞÉR NÝJU SÍRÍUS KÖNNUNA

Kauptu tvo pakka af Síríus suðusúkkulaði og fáðu  
nýju Nóa Síríus könnuna í kaupbæti.



*...sem Íslendingar hafa stólist í síðan 1933*





# Við erum of rík til að vera fátæk

- segir Sanna Magdalena Mörtudóttir borgarfulltrúi

**S**anna Magdalena Mörtudóttir hefur setið fyrir Sósíalistaflokkinn í borgarstjórn Reykjavíkur í rúm fimm ár. Hún segir að kröpp kjör þeirra mæðgna í æsku sinni hafi beint sér inn á þá braut. Hún er með bakgrunn í mannfræði og kveðst hafa mikinn áhuga á fjölbreytileika mannlífsins. Að skoða hlutina heildstætt og í félagslegu- og menningarlegu samhengi. “Slíkt hefur nýst mér í fræðilegri umfjöllun jafnt sem við hversdagslegar kringumstæður,” segir Sanna í samtali við Breiðholtsblaðið.

Hvað kom til að Sanna snéri sér að borgarpólitík og tók sæti í borgarstjórn. Hún segir það eiga rætur í að hún hafi verið að fjalla opinberlega um að hafa alist upp í fátækt. Hvernig hafi verið að alast upp með einstæðri móður sem vann í láglaunastarfi í leikskóla hjá Reykjavíkurborg og vann við þríf í aukastarfi á tímabili. “Við vorum á leigumarkaði sem var erfiður eins og hann er enn í dag og tekjur hennar dugði ekki til annars en brýnustu lífsnauðsynja. Ég fór að skrifa á Facebook um þessa reynslu okkar. Ég var hreinskilin í skrifum mínum og beitti stundum gamansemi eða húmor. Ég var að gera grín að aðstæðum að einhverju leyti en einnig að leggja áherslu á hvað ég var að fjalla um. Við hvaða aðstæður fátækt fólk og ekki síst börn geta lent í. Þessi skrif mín fóru á eitthvert flug og mér var boðið að koma í útvarp til að ræða þessi mál. Mikael Torfason var þá með þætti sem hétu “Fátækt fólk” og ég mætti til hans í viðtal. Í framhaldi af því kynntist ég hópi fólks sem var að ræða um hvort stofna þyrfti vinstri flokk sem væri að vinna eftir sósíalískri hugmyndafræði. Flokk sem væri til vinstri við aðra stjórn málaflökka þar á meðal Vinstri græn. Ég gekk síðan til liðs við þetta fólk og er ein af stofnfélögum í Sósíalistaflokki Íslands sem var stofnaður fyrsta maí 2017.”

## Stefnan í launamálunum hefur ekki virkað

Sanna segir að í framhaldi af þessu hafi hún verið beðin um að taka sæti á framboðslista fyrir borgarstjórnarkosningarnar 2018.

Hún kveðst hafa hugsað sig vel um en komist að þeirri niðurstöðu að þetta væri það sem hana langaði að gera. Að nýta reynslu sína inn í borgarmálin og í þágu borgarbúa. “Þetta tengist því að Reykjavíkurborg hefur lengi verið láglaunavinnustaður eins og sveitarfélögin eru. Stefna þeirra í launamálum hefur ekki verið að virka nægilega vel. Síðan koma húsnaðismálin þar sem sífellt bið er eftir félagslegu húsnaði. Ég var 26 ára þegar ég var kosin fyrst í borgarstjórnina 2018 og sló þar með 44 ára gamalt met Davíðs Oddssonar sem fram að því var sá aðili sem hafði yngstur verið kjörinn borgarfulltrúi. Nú er ég er á öðru kjörtímabil í borgarstjórn og Sósíalistaflokkurinn er með tvo borgarfulltrúa. Hann hlaut 7,7% atkvæða árið 2022 en 6,37% árið 2018 þegar ég fór fyrst inn.”

## Sveitarfélögin geta gert marga

“Misskiptingin í samfélaginu er ástæða þess að ég fór að skipta mér af stjórn málum. Margt þarf að uppræta í því efni og þar geta sveitarfélögin komið að verulegu leyti að málum. Þau geta gert marga til þess að laga þetta ástand. Þar bera húsnaðismáli einna hæst og einnig að breyta um launastefnu.” En hvernig var Sönnu tekið þegar hún kom ný inn í borgarmálin með sósíalískan bakgrunn. “Ég get alveg sagt að mér var oft bent á að ég væri að misskilja hlutina. Stundum var að ég held reynt að gera lítið úr mér. Ég væri bara einhver ung kona sem vissi ekkert í minn haus sem auðvitað er ekki rétt. Þau voru að



Sanna Magdalena Mörtudóttir borgarfulltrúi. Mynd: Rúnar Gunnarsson.

lýsa sínum veruleika og ég mínum.” Sanna segir að hún hafi oft fengið að heyra þegar hún var að gagnrýna að hefð væri fyrir hinu og þessu í borgarmálunum. “Eins og búið væri að ákveða eitthvað fyrirfram og ráðandi öfl ekki tilbúin til að líta út fyrir þann ramma. Mér finnst mikilvægt að spyrja af hverju hlutir eru gerðir svona og hvort réttara væri að gera þá með öðrum hætti. Mér finnst mikilvægt að mál séu í sífældri endurskoðun en festist ekki í hefðum sem stundum er erfitt og jafnvel ómögulegt að breyta.”

## Hefðarmennskan virkar ekki

“Hefðarmennskan er ekki að virka í Reykjavík,” segir Sanna. “Hér eru ýmis vandamál sem hefur reynst erfitt að leysa. Þar á ég einkum við þann reynsluheim sem ég kem úr. Hér eru húsnaðisvandæði. Börn

þjást af því þau búa ekki í nægilega góðu húsnaði. Jafnvel húsnaði sem ekki er ætlað til búsetu. Hér er fátækt. Hér er fólk sem ekki hefur nóg að borða. Foreldrar halda í við sig í mat vegna barnanna. Börn fara jafnvel svöng að sofa. Þetta er til og þessu þarf að breyta. Ég byggi mína pólitík á minni reynslu og þeirra sem við erum að berjast fyrir. Ég byggi á reynslu fólks sem þekkir til. Fólks sem býr við fátækt lágar tekjur grípur ekki í sameiginlega sjóði. Öflugar grunnstöðir eiga að vera fyrirbyggjandi. Við erum of rík til að vera fátæk.”

## Kunni ekki íslensku sem barn

Sanna ólst upp í Bretlandi fyrstu ár ævi sinnar en síðan í Breiðholti. “Ef ég byrja á byrjuninni þá er ég fædd á Landspítalanum í Reykjavík 1992. Nokkurra vikna fór móðir

mín með mig til London þar sem föðurfjölskylda mín býr en hún er ættuð frá Tansaníu. Þessi dvöl okkar mæðgna í stórborginni varði í sjö ár. Við fórum aldrei til Íslands þennan tíma og ég talaði bara ensku. Við komum heim 19. desember 1999 þegar ég var ég sjö ára. Eftir heimkomuna fór ég í Háteigsskóla. Í nýbúadeildina þar eins og hún hét þá. Þar lærði ég íslensku. Hún var fljót að koma með kennslu og innan um krakka sem töluðu móðurmálið. Ég fór strax að reyna að tala íslensku og fjölskyldan gerði grín að mér um jóln þegar ég sagði “thorcaunt” messa í staðinn fyrir Þorlákssmessa. Þegar ég lít til baka þá talaði móðir mín ensku við mig fyrst eftir að við komum. Einn daginn þegar ég kom heim úr skólanum spurði hún mig hvernig dagurinn hafi verið og ég svaraði henni á íslensku. “Vá er þetta komið hjá þér”. Hún varð hissa og eftir þetta fórum við að tala saman á íslensku heima. Einnig hjálpaði til að koma inn í fjölskyldu sem talaði íslensku og hún varð þannig fljót að móðurmáli. En mér finnst sérstakt þegar ég hugsa til baka að hafa ekki alist upp við eða kunnað íslensku sem barn.” Sanna hefur ekki komið til Tansaníu en langar til að fara þangað og skoða landið þar sem hluti róta hennar liggja. “Ég hef ekki mikið samband við föður minn en er í sambandi við systur hans og systurdætur í Englandi sem er mjög skemmtilegt. Ég hef því miður ekki lært móðurmál föðurfjölskyldunnar sem er Svahílí og er opinbert tungumál í fjórum ríkjum sunnan Sahara. Þar á meðal í Tansaníu. Frænkur mínar eru stundum að senda mér skilaboð á Svahílí og ég þarf að nota Google translate til þess að þýða það. Ég hef þó áhuga á að kynna mér tungumálið og vonandi fæ ég tækifæri til þess.”

## Erfitt á leigumarkaði

Sanna segir að þær mæðgur hafi verið talsvert á flakki í hverfi 105. “Erfitt var að vera á leigumarkað. Móðir mín var alltaf leitandi að íbúð fyrir okkur sem væri ekki mjög dýr sem var erfitt þá eins og nú og hefur alltaf verið. Hún var áskrifandi að leigulistanum og eitt sinn fórum við

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði  
VELKOMIN

Mjóddi



Í blaðaviðtal þar sem við ræddum þennan vanda. Á eftir fór fólk að hafa samband við okkur og bjóða fram húsnæði en það var ekki alltaf eitthvað sem hentaði. Ef ég man rétt var okkur boðin ósamþykkt íbúð sem hefði ekki gengið upp. Eftir þrjú á biðlista eftir félagslegri íbúð fáum við íbúð við Vesturberg í Efra Breiðholti. Þetta var á miðju skólaári og ég lauk því við fimmta bekkinn í Háteigsskóla. Ég tók strætó niður eftir og aftur heim á daginn. Af því ég var hávaxin héldu vagnstjórnarnir stundum að ég væri eldri en ég var og væri að svindla mér í strætó. Haustið eftir tók Fellaskóli við. Ég byrjaði í sjötta bekk og útskrifaðist þaðan. Fellaskóli er mjög góður skóli. Mér leið vel þar. Þorsteinn Hjartarson var þá skólastjóri og Kristín Jóhannesdóttir sem síðar varð skólastjóri um tíma var yfirkennari eða aðstoðarskólastjóri. Ég hef alltaf haft gaman af námi nema ef til vill stærðfræði sem liggur ekkert sérstaklega vel fyrir mér. En ég hef alltaf haft mikinn áhuga fyrir félagsvísindum.”

**Gott að vera í Breiðholti**  
“Mér fannst gott að vera í Breiðholti. Hverfið er vel skipulag.

Byggðin er opin og auðvelt fyrir krakka að labba um. Í Breiðholtinu þarf ekki að fara yfir stórar umferðargötur til þess að komast í skóla eða á frístundaheimili. Hverfið er mjög gönguvænt.” Sanna segist aldrei hafa verið í skipulegu félagsstarfi. Ég greip í skólagarðana. Ég hafði áhuga á dansi en við höfðum ekki peninga til þess að kosta dansnámskeið eða dansskóla. Ég átti hins vegar alltaf vinahóp í kringum mig og sem krakki vorum við mest úti að leika. Vinkona mín átti heima í Vesturberginu við hliðina á okkur. Ég fór oft yfir til hennar og svo löbбуðum við saman í skólann. Vorum líka stundum á Leiknisvellingum þótt ég væri ekki í fótbolta. Margt skemmtilegt var hægt að gera. Stundum var maður að labba heim til annarra krakka, dingla og spyrja hvort þú væru heima. Ég man líka eftir sjoppunum. Við vinkonurnar vorum að leigja vídeópólur. Stundum voru tilboð og hægt að leigja eina nýja mynd og aðra gamla og kaupa snakk og gos. Sérstaklega ef við vorum að gista saman þá var þetta toppurinn. Ein eða tvær bíómyndir og snakk og gos. Nú er þetta allt horfið. Netmiðlar teknir við af véðeínuu og

verslanamenningin hefur breyst.” Sanna víkur að Miðbergi. Rifjar upp að nokkrar stelpur hafi tekið þátt í hæfileikakeppni í söng. “Við æfðum atriðið okkar og fluttum það í Miðbergi. Þetta var skemmtileg upplifun og sjálfsöryggið jókst til muna. Ég var stundum í Miðbergi einkum þegar ég var yngri. Ég kom í hverfið tíu ára og var byrjuð að kynnaströkkkum þótt ég væri enn í Háteigsskóla.”

**Styrkur fólginu í fjölbreytninni**  
Sanna snýr sér að fjölmenninguu sem einkennir Breiðholt mörgum byggðum fremur en einnig miðborgina. Hún segir fjölmenningu meira áberandi eftir því sem fólk komi víðar að. “En ef ég lít til baka þá var ég með krökkum í skóla sem voru með brúnt litarhaft. Ýmist af blönduðum uppruna eins og ég er eða börn aðflutts fólks. Annað sem ég upplifði eftir að ég kom í Breiðholt var að þar virtust fleiri börn sem áttu fátækt fólk að sem lifðu efnahagslegan skort en til dæmis í Háteigsskóla. En ég held að ákveðinn styrkur sé fólginu í fjölbreytninni. Að allir séu ekki eins og eigi sér mismunandi bakgrunn.”

**Vesturbærinn er skemmtileg byggð**  
En svo liggur leiðin í Vesturbæinn. “Já, svo tók Vesturbærinn við. Þegar ég hóf nám við Háskóla Íslands bjó ég á stúdentagörðunum sem voru fyrstu kynni mín af Vesturbænum. Eftir það fór ég fljótlega að leita mér að íbúð í Vesturbænum. Þegar ég var komin í borgarstjórn sá ég líka kost í því að vera nálægt vinnustöðvunum í Ráðhúsinu. Ég er með bílpróf en er ekki á bíl og geng því oftast niður í Ráðhús. Þetta hentar mér ágætlega. Nú er ég búin að vera fimm ár í Vesturbænum. Ég segi stundum að ég sé nýlega flutt í Vesturbænn því mér finnst ég vera svo mikill Breiðhýltingur. Ég tengi svo margt við Breiðholtið. Eitt af því sem mér finnst gott við Vesturbænn er að búa nálægt sjónum og geta farið í göngutúra við sjávarsíðuna og svo er stutt í flest allt. Vesturbærinn er skemmtileg byggð.”

BH

BÍLAVIDGERÐIR

BÍLHÚSIÐ

www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.  
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,  
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

NÁM TIL ALLRA ÖKURÉTTINDA



BÓKAÐU NÚNA  
bilprof.is

Verum ábyrg í umferðinni, ökufærni er lykilatriði.

Fáðu góða kennslu í elsta ökuskóla landsins

- Staðnám og fjarnám (fjarfundir), fullkominn tækjabúnaður
- Aukin ökuréttindi í stað- og fjarnámi. Fjarnám hefst 20. september
- Afleysinga- og rekstrarleyfisnámskeið leigubílstjóra í hverjum mánuði
- Endurmenntun atvinnubílstjóra alla daga í fjar- og staðnámi

ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD  
– yfir 40 ár í fagmennsku.  
Þekking og reynsla í fyrirrúmi



ÖKU  
SKÓLINN  
Í MJÓDD

Upplýsingar og innritun á bilprof.is og í síma 567 0300 • Opið 12-17 mánud. til fimmtud. og til 15 á föstud.

f.á

FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

FJARNÁM

Skráning: 18. ágúst – 3. september  
á slóðinni [www.fa.is/fjarnám](http://www.fa.is/fjarnám)  
Önnin hefst 6. september





# Fjölskyldumorgnar Memmm Play í Gerðubergi



Margt má til gamans gera á fjölskyldumorgnum Memmm Play og líka að sýna sig og sjá aðra.

Full ástæða er til að minna á fjölaskyldumorgna Memmm Play í Gerðubergi. Fjölskyldumorgnarnir eru í samvinnu við Borgar-bókasafnið. Memmm Play er opin leikskóli á miðvikudögum kl. 10 til 14 á neðri hæðinni í Gerðubergi.

Memmm eru félagasamtök sem vinna að fjölskylduvænna samfélagi. Þar vinna áhugasamir einstaklingar að því að skapa tækifæri fyrir fjölskyldur til að njóta samveru og gæðastunda á fjölbreyttan hátt. Skráning er óþörf og öll velkomin en stundirnar eru hugsaðar fyrir fjölskyldur með ungabörn og börn á leikskólaaldri. Gaman er að hitta aðra foreldra/forsjáaraðila með börnin sín, syngja saman, leika og læra segir í kynningu um fjölskyldumorgnana.

# Ný byggð fyrirhuguð við Suðurfell

- nágrannar hafa áhyggjur af náttúrunni

Reykjavíkurborg hefur birt lýsingu á deiliskipulagi fyrir þróunarsvæði við Suðurfell. Þróunarreiturinn afmarkast af Suðurfelli til vesturs og er í beinu framhaldi af núverandi byggð, Keilufelli til norðurs, Elliðaárdal til austurs og Arnarnesvegi til suðurs. Í nýju deiliskipulagi verður gert ráð fyrir lágreistri íbúðarbyggð einnar til tveggja hæða byggingum með 50 til 75 íbúðum.

Í lýsingu á deiliskipulagi kemur fram að byggð skuli aðlagast vel að landi og mynda sólrík og skjólgóð útisvæði fyrir íbúa. Opin svæði og göng og hjólastígar mynda góða tengingu milli eldri byggðar handan Suðurfells og hinnar nýju byggðar og einnig við útivistarsvæði Elliðaárdals. Stefnt er að útboði á lóðaúthlutun samhliða gerð deiliskipulags og aðaluppdráttar og því gert ráð fyrir að skipulagshópur og uppbyggingaraðili sem verður fyrir valinu fái tækifæri til að byggja upp hverfið frá fyrstu drögum og fullmóta byggðina af hugsjón með áherslu á vandaðan arkitektúr, umhverfi og samfélag að leiðarljósi.

## Skiptar skoðanir

Þegar hefur komið fram að skoðanir eru skiptar um þessa fyrirhuguðu framkvæmd. Einkum mun andstaða við uppbygginguna stafa af því að þarna er verið að taka nýtt land undir byggingar og fólk kys að líta á þetta sem grænt svæði með tengingu við Elliðaárdalinn. Skipulagslýsing var nýlega auglýst í Skipulagsgáttinni og óskað eftir ábendingum og umsögnum. Í einni umsögninni segir: „Þetta græna svæði þekki ég vel og hef notað mikið frá 2009. Þarna er fólk á göngu, hlaupum og á hjólum, börn að leik og síðast en ekki síst fjölbreytt fuglalíf. Þessi áætlun sverfur enn frekar að villtum grænum svæðum



Á kortinu má sjá fyrirhugaða íbúðabyggð við Suðurfell.



Svæðið austur af Fellahverfi þar sem fyrirhuguð byggð á að rísa.

innan borgarinnar og ef það er velferð og hamingja fólks sem við viljum huga að þá eru grænu svæðin með fuglasöng hvað mikilvægust. Ég hef reyndar líka áhyggjur af því að um leið og farið er að seilast inn á þetta ósnortna svæði þá lækki

þröskuldurinn fyrir enn frekari röskun á svæðinu umhverfis Elliðaár.“ Ýmis önnur sjónarmið hafa komið í ljós og beinast flest að umhyggju fyrir náttúrunni.

# Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með  
hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag  
rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimtaug?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Er kerfið búið álagastýringu?
- » Sjálfvirkir greiðslu- og innheimtakerfi?



EIGNAumsjón

20 ára

thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is

# Metnaðarfullt íþróttastarf í Bakkaborg

Rimvydas Sukliauskas íþrótta-kennari eða Rímas eins og hann er gjarnan kallaður stýrir metnaðarfullu íþróttastarfi í leikskólanum Bakkaborg. Markmiðið með starfinu er að skapa jákvætt viðhorf til hreyfingar. Öll börn leikskólans fá íþróttatíma með Rímasi einu sinni í viku, að undanskildum elsta árganginum sem fer í íþróttatíma í Breiðholtsskóla í undirbúningi fyrir grunnskólabyrjun.

Börnunum er skipt niður í minni hópa og fyrsti hópurinn fer inn. Tíminn byrjar á léttri upphitun, til dæmis með því að klappa og veifa höndunum. Næst tekur við leikur að læra þar sem börnin læra litina í gegnum hreyfingu, þrautabraut og leiki. Íþróttatímanum er svo lokað með „bátsferð“ þar sem Rímas dregur börnin á dýnu um rýmið og fram og þá má næsti hópur koma inn. Tíminn er aðlagður hverjum aldurshóp og hjá eldri börnunum bætast við útiþróttir og fimleikaæfingar á borð við kollhnís og að klífra í rimlum. Fylgst er með framförum yfir árið



Rímas við kennslu í Bakkaborg.

en markmið íþróttar í Bakkaborg er umfram allt að hreyfing sé skemmtileg og að börnin fari með jákvætt viðhorf til hreyfingar út í lífið. Á fimmtudagsmorgni í Bakkaborg hefja börnin í næstýngstu deild með

morgunmat og byrja síðan í frjálsum leik. Skyndilega stökkva þau öll á fætur, hlaupa að dyrunum og kalla: „Rímas er kominn“. Rímas er mættur með vikulega íþróttatímann og börnin eru spennt að byrja.



# HÓP

# EFF



## STARFSMANNA DJAMM

KEILA, MATUR, DRYKKUR OG ALLTAF GOTT VEÐUR

HÓPEFLIÐ HEFST OG ENDAR Á EINUM  
OG SAMA STAÐNUM

Hvar er betra að þjappa  
hópnum saman en í góðu  
veðri innandyrna hjá  
okkur þar sem allt er á  
einum stað.

HAPPY HOUR á barnum  
og RÚTA Í BÆINN alla  
föstudaga og  
laugardaga.

FÁÐU TILBOÐ FRÁ OKKUR FYRIR ÞINN HÓP Á  
[KEILUHOLLIN@KEILUHOLLIN.IS](mailto:KEILUHOLLIN@KEILUHOLLIN.IS)

## AÆMAELI KÉILA PILUKAST KARAOKE

*Keiluhöllin*  
EGILSHÖLL

[keiluhollin.is](http://keiluhollin.is)



# ÖLL BÖRN GETA TEKID ÞÁTT Á EINHVERN HÁTT

## FRÍSTUNDASTYRKUR

**75.000 kr. styrkur fyrir árið 2023**  
**75.000 kr. styrkur fyrir árið 2024**

Íþrótt og frístundastyrkurinn tryggir að öll börn á aldrinum 6 -18 ára í Reykjavík, geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi.

Foreldrar/forráðamenn ráðstafa styrknum í samstarfi við börn sín til námskeiðs sem hægt er að borga með styrknum. Frekari upplýsingar má finna á **www.fristund.is**

Ef þig vantar einhverjar upplýsingar eða aðstoð varðandi frístundastyrkinn, endilega hafðu samband við Suðurmiðstöð.  
breidholt@reykjavik.is eða sími: 411 1300



# Breid



[www.facebook.com/breidholtid](https://www.facebook.com/breidholtid)



[www.instagram.com/breidholt.is](https://www.instagram.com/breidholt.is)



[www.youtube.com](https://www.youtube.com)

## MYNDBÖND Á YOUTUBE

Það eru myndbönd á Youtube undir **Þjónustumiðstöð Breiðholts**.

Á ensku, tælensku, pólsku, arabísku, rúmensku, spænsku, albönsku og litháísku með upplýsingum um:

1. Mikilvægi þátttöku barna í íþróttum og frístundum.
2. Hvaða íþróttir og frístundir eru í boði fyrir börn í Breiðholti.
3. Hvernig skrái ég barnið mitt í íþróttir eða frístundir í Breiðholti.



# Breiðholt

HEILSU  
EFLANDI  
BREIÐHOLT

## ÍPRÓTTIR OG FRÍSTUNDIR

### ÍPRÓTTAFÉLÖG

#### ÍR

www.ir.is - ir@ir.is

Sími: 587 7080

#### LEIKNIR

www.leiknir.com - leiknir@leiknir.com

Sími: 557 8050

#### APENA

athena@athenabasketball.com

Sími: 862-4714

#### SUNDFÉLAGIÐ ÆGIR

www.aegir.is - aegir@aegir.is

Sími: 820 3156

#### BANDÝ

Atli.thor@gmail.com

Sími: 618 5745

### TÓNLIST

#### TÓNSKÓLI EDDU BORG

www.teb.is - teb@teb.is

Sími: 557 3452

#### TÓNSKÓLI SIGURSVEINS

www.tonskolisigursveins.is

tonskolisigursveins@tonskolisigursveins.is

Sími: 568 6828

#### SKÓLAHLJÓMSVEIT

#### ÁRBÆJAR OG BREIÐHOLTS

www.arbaer.skolahljomsveit.is

anna.sigurbjornsdottir@rvkskolar.is

Sími: 893 2213

### SKÁTAR

#### HAERNIR

www.hafernir.org - hafernir@skatar.is

Sími: 839 3050

#### SEGULL

www.skatairnir.is/segull - segull@skatar.is

Sími: 567 0319

### HJÓLREIÐAR

#### HJÓLAKRAFTUR

www.hjolakraftur.com - valdi@hjolakraftur.com

Sími: 848 8822

### DANS

#### DANSSKÓLI BRYNJU PÉTURS

www.brynjapeturs.is

dansbrynjupeturs@gmail.com

Sími: 821 4499

#### DANSGARÐURINN

#### KLASSÍSKI LISTDANSSKÓLINN

www.dansgardurinn.is

info@ballet.is

Sími: 534 9030

### BORGARBÓKASAFN GERÐUBERG

borgarbokasafn.is/bokasofn/gerduberg

gerduberg@borgarbokasafn.is

Sími: 411 6170

### FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ

#### MÍÐBERG

www.midberg.is - midberg@rvkfri.is

Sími: 411 5750

#### FRÍSTUNDAHEIMILI 6 - 9 ÁRA

|             |                |                                  |
|-------------|----------------|----------------------------------|
| Bakkasel    | 1. – 4. bekkur | Breiðholtsskóli                  |
| Álfheimar   | 1. – 2. bekkur | Hólabrekkuskóli                  |
| Hraunheimar | 3. – 4. bekkur | Fellaskóli og<br>Hólabrekkuskóli |
| Vínasel     | 1. – 2. bekkur | Seljaskóli                       |
| Vínaheimar  | 1. – 2. bekkur | Ölduselsskóli                    |
| Regnboginn  | 3. – 4. bekkur | Seljaskóli og<br>Ölduselsskóli   |

#### FÉLAGSMÍÐSTÖÐVAR 10 - 16 ÁRA

|           |                |                     |
|-----------|----------------|---------------------|
| 111       | Efra-Breiðholt | 111@rvkfri.is       |
| Hólmasel  | Seljahverfi    | holmasel@rvkfri.is  |
| Bakkinn   | Bakkahverfi    | bakkinn@rvkfri.is   |
| Hellirinn | Kleifarsel 18  | hellirinn@rvkfri.is |

### MYNDLIST

#### MYNDLISTASKÓLI REYKJAVÍKUR

www.mir.is - mir@mir.is

Sími: 551 1990



Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson fyrrum borgarstjóri skrifar

# Skipulagsmál við Stekkjarbakka

Umfjöllun um mikla risabyggð við Stekkjarbakka í Mjódd og Stekkjarbakka milli Reykjanesbrautar og Höfðabakka hefur ekki verið mikil að undanfögnu. Við Stekkjarbakka í Mjódd er fyrirhuguð bygging nokkurra stórhýsa og við Stekkjarbakka milli Reykjanesbrautar og Höfðabakka hefur lengi verið fyrirhuguð bygging stórhýsis Bio Dome. Þessar fyrirhuguðu risaframkvæmdir munu augljóslega hafa mikil áhrif á umferða- og byggðaminnstrið á þessu svæði, ekki síst byggðina í Bakkahverfi. Stóraukin umferð á þessu svæði mun þrengja verulega að byggðinni við Stekkjarbakka og reyndar á fleiri svæðum í næsta nágrenni.



Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

Lítið hefur heyrst af byggingu Bio Dome að undanfögnu, hvort af framkvæmdum verður eða hvort einhver annar aðili sækist eftir að byggja þar, t.d. háreistar íbúðablokkir. Það verður að gera kröfu til þess að borgaryfirvöld upplýsi íbúa hverfisins um á hvaða stigi skipulagsmál og byggingarframkvæmdir við Stekkjarbakka eru í dag. Ljóst er að háhýsi sem byggð verða á lóðinni meðfram Reykjanesbraut, beint vestan við byggðina í Bakkahverfi, muni skerða verulega það útsýni sem þessi byggð nýtur í dag.

## Tillitsleysið algjört

Meirihlutinn í borgarstjórn hefur sýnt íbúum Bakka- og Stekkjahverfis algjört tillitsleysi með sínum skipulagsákvörðunum á svæðum sem tengjast náði þeim stórfamkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á næstunni í hverfinu. Sú tillitslausu háhýsastefna sem meirihlutinn í borgarstjórn hefur staðið að víðsvegar í borginni, oftast í algjörri óþökk íbúa, skal nú þröngvað upp á íbúa Bakka- og Stekkjahverfis. Ekkert tillit er tekið til mótmæla og athugasemda íbúa á nærliggjandi svæðum, enda er svokallað íbúasamráð meirihlutans oftast orðin tóm.



NOON  
HÁRSTOFA

5 6 7 2 0 7 7 HÓLMASELI 2, 1 0 9 R V K

# Íslenskunámskeiðin hafa reynist vel

Íslenskupjálfun stór hluti af inngildingu barna og fullorðinna í Breiðholti. Tilraunaverkefnið Frístundir í Breiðholti hefur að markmiði að fjölga þátttöku í íþróttum og frístundum, en einnig að auka félagslega þátttöku barna með erlendan bakgrunn með notkun á íslensku.

Eins og í fyrra hafa aðgerðir miðast að því að aðstoða börn sem ekki stunda íþróttir og frístundir til aukinnar þátttöku og að auka framboð til íþróttu og frístunda. En einnig að bjóða upp á að æfa sig í íslensku í leik og starfi. Við höfum hér í Breiðholti haft þetta eitt af okkar stóru verkefnum til að stuðla að betri aðlögun í samfélaginu og það höfum gert bæði fyrir börn og fullorðna. Með þessu hefur aðgengið og skilningur á starfinu aukist og árangur náðst.

Hér vil ég segja í stuttu máli frá tveimur verkefnum sem snúa að þjálfun barna, og fullorðna, með erlendan bakgrunn á íslensku þ.e. Íslenskuhorninu og íslenskupjálfun í leik fyrir börn. Bæði námskeiðin miða að því að þjálfu sig í íslensku, með mismunandi áherslum. En þessi námskeið eru tilkomin af ósk íbúa með erlendan bakgrunn til að fá þjálfun í að nota íslensku, þ.e. ekki áhersla á málfræði.

## Íslenskuhornið var starfandi í vetur

Íslenskupjálfun fyrir börn höfum við boðið upp á tvisvar í viku fyrir börn 6 til 12 ára í Gerðubergi og hafa námskeiðin verið með þá áherslu að leika sér og æfa sig þar með íslensku á markvissan hátt. Hafa þrjú námskeið verið í vetur og hvert þeirra verið 10 til 15 vikur. Alls sóttu 49 börn þessi námskeið.

Íslenskuhornið er búið að vera starfandi í vetur eins og síðastliðin vetur og voru námskeiðin einu sinni í viku og í 15 vikur hvert. Hugmyndafraeðin er sprottin af erlendra fyrirmynd English-Corner, þar sem fólk kemur saman til að ræða ákveðin þemu og æfir sig í að nota hugtök í samræðum og búa til setningar. Þemun geta verið vinir, fjölskylda, heimilið ofl. Mikill áhugi hefur skapast um þessi námskeið



Dagamunur í Íslenskunni. Flottar kökur.



Mikill áhugi var fyrir 15 vikna námskeiðunum.

og yfir 60 þátttakendur hafa skráð sig í á þau tvö námskeið, þ.e. um 130 í vetur. Allir sem hafa tekið þátt eru frá Venesúela.

Þeir leiðbeinendur sem að námskeiðunum koma eru áhugafólk um að hjálpa til við inngildingu fólks af erlendum uppruna og eru allir með kennaramenntun, auk þess að einhverjir hafa þjálfun í túlkun.

Eiga námskeiðin það sammerkt að óskir hafa komið frá hópum fólks af erlendum uppruna

um slík námskeið fyrir börn og unglinga. Frístundir í Breiðholti, Suðurmiðstöð, mun halda þannig vinnu áfram og teljum við mikilvægt að Hlusta á Hverfið í gegnum fleiri verkefni af fjölbreyttum toga.

Jóhannes Guðlaugsson.  
Frístundatengill hjá Frístundir í Breiðholti, Suðurmiðstöð.

# Umhverfismennt í Hálsaskógi

Rík hefið er fyrir umhverfismennt, jafn utandyra sem innan og er útinám stór þáttur í starfinu í leikskólanum Hálsaskógi í Breiðholti. Framkvæmdir standa yfir við leikskólann og er því hluti hans staðsettur tímabundið í Ævintýraborg í Vogabyggð.

Í Vogabyggð hafa börnin og starfsfólkið til afnota tvö rafmagnshjól og undanfarið hafa börnin fengið að fara reglulega í hjólaferðir. Mikil ánægja ríkir með ferðirnar bæði hjá börnum og starfsfólki, sem segir svona hjól „verða sett á óskalistann“ þegar „heim verði komið“ í Breiðholtið. Hjólin eru skemmtileg viðbót við fjölbreytt útinám.



Frá útinámi í Hálsaskógi sem fer fram í Ævintýraborg.



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is  
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



# Ekkert mál að flokka rusl í Reykjavík

- en ný áskorun segir Sara Björg Sigurðardóttir varaborgarfulltrúi og formaður hverfisráðs Breiðholts

Þessa dagana eru reykvísk heimili að fá nýja sorptunnu heim til sín. Árbær og Breiðholt fengu nýjar tunnur í júní, en fyrstu borgarhlutarnir til að fá nýjar tunnur voru Kjalarnes, Grafarvogur, Grafarholt og Úlfarsárdalur. Búið er að dreifa nýjum tunnnum fyrir sorphirðu í Vesturbæ Reykjavíkur. Tunnnum er úthlutað samkvæmt gerð húsnæðis og fjölda íbúa.

Sara Björg Sigurðardóttir varaborgarfulltrúi segir að um umfangsmikið verkefni sé að ræða bæði fyrir Reykjavíkurborg en einnig fyrir neytendur til að breyta venjum og vinnulagi. Þá sé um viðamikild umhverfismál að ræða því með réttri flokkun sé bæði hægt að minnka sóun og einnig að endurnýta verðmæti í stað þess að henda þeim og á sama tíma skapa ný verðmæti. En hvernig á að nýta þessar nýju tunnur. Sara Björg segir að við hvert heimili þurfi að flokka ruslið í fjóra flokka. Í fyrsta flokknum er pappír og pappi, í öðru flokk eru plastumbúðir, matarleifar eru í hinum þriðja og að lokum er síðan blandaður úrgangur. Þá verði grendargámum fjölgað og þeir munu áfram taka á móti gleri, málum og textíl. Ekki má setja gler, málma og textíl í blandað úrgang.

## Breytilegar tunnur en sama flokkunarkerfi

Sara Björg segir nokkurn mun á tunnnum sem sem sérbyli fá og þeim sem enda í fjölbýlum þó flokkunarkerfið sé það sama. Í húsum þar sem séu þrír íbúar eða færri verði tvær tvískiptar tunnur. Önnur fyrir blandaðan úrgang og matarleifar og hin fyrir pappír og plast. Á þeim heimilum þar sem íbúar eru fjórir eða fleiri verða þrjár tunnur. Ein fyrir blandaðan úrgang og matarleifar, blá tunna fyrir pappír og græn fyrir plast. Í stærri fjölbýlum verða ekki notaðar tvískiptar tunnur heldur heilar tunnur og verður gráu tunnunum skipt út fyrir endurvinnsluefni í stað blandaðs úrgangs. Í minni fjölbýlum þar sem eru þrjár eða færri íbúðir verða notaðar tvískiptar tunnur fyrir blandaðan úrgang og matarleifar og bláar og grænar tunnur fyrir plast og pappír.

## Ekki hræðast matar- afganga í bréfpokanum

Sara bendir á að margir Reykvíkingar hafi lengi moltað matarafganga. Þeir þekki ferlið en núna þurfi allir, líka þeir sem ekki hafa safnað matarafgangum áður að gera það. „Allir íbúar fá körfur og sérstaka bréfpoka undir matarleifar þegar nýju tunnurnar koma en



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri brá sér í vinnugallann á dögnum og tók þátt í sorphirðu í borginni.

sérstakt hólf er í tunnunum til að taka við pokunum.“

Sara segir að þegar nýju tunnurnar koma eigi að safna matarleifum saman. Bréfpokarnir hafi reynst vel á Norðurlöndunum og tilhlökkunarefni að færa sig úr grænu máispokunum yfir í bréfpokana þar sem máispokarnir hafa leyst upp í okkar moltugerð.

Engin ástæða sé til að hræðast matarafganga í bréfpokum.

## Hvernig getur rusl umbreyst í verðmæti

En hver er ávinningurinn af flokkuninni. Sara Björg segir að einn ávinningurinn af markvissari flokkun sé ný verðmætasköpun. „Nú kunna sumir að hrista hausinn og spyrja sig hvernig rusl geti umbreyst í verðmæti. Unnið er að því að koma upp hringrásargarði á Álfsnesi en þar munu fyrirtæki skiptast á gæðum og þannig verður rusl eins annars auðlind. Þessi skipti hafa fengið það fallega nafn Auðlindastraumur. Starfsemi Sorpu hefur einmitt dregið að sér



Sara Björg Sigurðardóttir varaborgarfulltrúi.

fyrirtæki eins Atmonia, Björgun og Malbikstöðina sem vinna eða eru að þróa afurðir sem falla til við vinnsluna hjá Sorpu.“

## Ekkert mál að flokka sorp

Sara segir að stefnt sé að því að uppfæra deiliskipulag svæðisins og verður hringrásargarðurinn gerður byggingarhæfur í áföngum. Hún segir að tækifærin eru óþrjótandi bæði í hvernig hægt er að þróa hringrásargarðinn, efla í takt við þarfir og framtíðaráform þeirra nýsköpunar fyrirtækja sem sjá sér hag í því að búa til ný verðmæti úr hráefni eða orku sem annars færi aflögu. „Það er ekkert mál að flokka sorp í Reykjavík,“ segir Sara. „Þetta verður áskorun um ný vinnubrögð í hversdagsleikanum fyrir þá sem ekki hafa tileinkað sér flokkun fyrr. Ekki láta deigan síga, þetta venst fljótt, gott að æfa sig í sumarfríinu, fá ungviðið með sér í lið en þau eru einstaklega lipur við að tileinka sér ný vinnubrögð.“

# SKRÁNINGAR- OG KYNNINGARDAGUR ÍÞRÓTTA-OG FRÍSTUNDA Í BREIÐHOLTI 1. SEPTEMBER

Föstudaginn 1. september kl. 17:00-19:30 munu íþrótta- og frístundaðilar í Breiðholti kynna starfsemi sína og skrá iðkendur í göngugötunni í Mjódd og túlípanatorginu.

Fríar vínarpylsur, grænmetispylsur, halal-pylsur og drykkur með, á meðan birgðir endast.

Allir velkomnir



## FALLEGIR LEGSTEINAR



Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði  
sími: 537-1029, [www.bergsteinar.is](http://www.bergsteinar.is)

Á góðu verði  
**Verið velkomin**

Eyrartröð 16  
220 Hafnarfirði

Opið kl. 11-16 virka daga

**Bergsteinar**  
legsteinagerð



## Útfararstofa Íslands

[www.utforin.is](http://www.utforin.is) • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna  
Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455



## Útfararstofa Hafnarfjarðar

[www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is) • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Kolbrún Baldursdóttir borgarfulltrúi skrifar

# Kunnátta í íslensku er lykill að samfélaginu

Móttaka barna og fullorðinna af erlendum uppruna er eitt stærsta verkefnið sem blasir við íslensku samfélagi. Innflytjendum hefur fjölgað mikið undanfarið í Reykjavík og eru nú rúmlega 20% af íbúum og fjölgar stöðugt. Það er því mikil áskorun framundan við að aðstoða þessa nýju Íslendinga sem ætla að búa hér til langframa að skilja og tala íslensku svo þeir geti aðlagast sem best íslensku samfélagi. Íslenskukunnátta fólks af erlendum uppruna er lykill að farsæld og framgangi þeirra í þjóðfélaginu.



Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur og borgarfulltrúi.

Skylda og ábyrgð Reykjavíkurborgar er að sjá um íslenskukennslu allra barna í leik – og grunnskólum Reykjavíkur. Skólasamfélagið endurspeglar aukinn fjölbreytileika menningar og tungumála. Fjöltýngd leikskólabörn í Reykjavík eru rúm 32% og fjöltýngdir grunnskólanemendur í Reykjavík eru rúm 20%. Íslenskar rannsóknir sýna að mörg börn af erlendum uppruna eru jaðarsett, ná ekki góðum tökum á íslenskunni og eiga takmarkaða möguleika á framhaldsnámi. Hæsta hlutfall brottfalls úr framhaldsskóla er hjá þessum hópi.

## Móttaka barna af erlendum uppruna

Fyrsta stig íslenskukennslunnar eru íslenskuverin en þau eru fyrir börn frá 5. til 10. bekk. Elstu nemendurnir ganga fyrir. Íslenskuverin eru fjögur og eru þau öll sprungin. Annar vandi er sá að það vantar námsefni fyrir þennan hóp. Börnin þurfa einnig að hafa gott aðgengi að bókum og þar eru skólabókasöfnin í lykilhlutverki. Hljóðbækur eru einnig mikilvægar fyrir börn af erlendum uppruna. Hlustun bætir orðskilning. Ég mun leggja fram tillögu innan tíðar að borgarráð samþykki að gerður verði samningur við hljóðbókasafnið fyrir hönd allra skólanna í Reykjavík svo það opnist aðgengi fyrir alla nemendur en ekki aðeins þá sem fengið hafa formlegar greiningar vegna t.d. lestravanda.

## Íslenskukunnáttan er lykillinn að fjölbreyttu starfi í íslensku samfélagi

Starfsfólk Reykjavíkurborgar er jafnframt fjölbreyttur hópur sem endurspeglar litríkt samfélag. Reykjavíkurborg hefur þá stefnu að starfsfólk borgarinnar, með annað móðurmál en íslensku, skuli eiga kost á hagnýtum íslenskunámskeiðum og einnig skulu símenntunarnámskeið í íslensku vera í boði fyrir alla starfsmenn. Ekki er nóg að senda fólk á námskeið heldur þurfa nemendur í íslensku að fá tækifæri til að spreyta sig í samtölum við íslenskumælandi fólk. Því miður grípa allt of margir ósjálfrátt og án mikillar hugsunar til ensku þegar talað er við fólk af erlendum uppruna sem sest hefur hér að. Þar með er þjálfun viðmælandans í íslensku varpað fyrir róða. Við verðum einnig að senda þau skilaboð til fólks af erlendum uppruna sem ætla að búa á Íslandi til frambúðar að þeim sé nauðsynlegt að læra íslensku til þess að geta notið sín hér til fulls. Íslenskukunnáttan er lykillinn að því að eiga þess kost að sinna fjölbreyttum störfum. Íslenskukunnátta mun auka möguleika á framgangi í íslensku samfélagi. Það mun auðvelda fjölmargt s.s. samskipti við einstaklinga og stofnanir.

## Verum meðvituð og gerum vel

Ótal margt má gera betur í Reykjavíkurborg við að aðstoða fólk við að læra og tala íslensku. Tungumál lærist þegar það er notað. Það tekur vissulega tíma og þolinmæði. Verkefnið sem staðið er frammi fyrir er stórt og það þarf að vinna með sameiginlegu átaki og í samvinnu við nýja borgara.

# Jákvæðar upplifunar í minningabankann

- áhersla á hreyfingu og útiveru í sumarstarfi frístundamiðstöðvanna

Frístundamiðstöðvar Miðbergs hafa nú opnað eftir sumarfrí. Í sumarstarfi félagsmiðstöðvanna var lögð áhersla á útiveru og hreyfingu og fóru þátttakendur í alls konar ævintýri í hverri viku.

Í félagsmiðstöðinni Hellinum var sumardagskráin fjölbreytt og farið í margar ferðir innan og utan höfuðborgarsvæðisins. Börn og unglingar höfðu mikil áhrif á dagskrá sumarsins og biðu með mikilli eftirvæntingu eftir uppáhalds ferðum sumarsins. Meðal þeirra ferða sem þáttendur völdu í ár er að fara á árabáta í Siglunesi, sund á Borg, í dýragarðinn Slakka

og á Rokksafnið í Keflavík. Einnig óskuðu þátttakendur eftir því að hitta Samfélagslöggurnar en markmið þeirra er að færa lögregluna nær samfélaginu og styrkja tengsl við ungt fólk. Í sumar fengu þátttakendur einnig fótboltakonuna Gunnhildi Yrsu Jónsdóttur í heimsókn. Gunnhildur stýrði fótboltaæfingu fyrir þátttakendur í gegnum verkefni KSÍ fótbolti fyrir alla sem hefur það markmið að efla starf fatlaðra innan knattspyrnuhreyfingarinnar.



Gaman saman gæti þessi mynd frá sumarstarfinu í Miðbergi heitið.



Glatt á hjalla í sumarstarfi í hellinum.



Með lögreglunni í sumarstarfinu. Fékk einhver að fara í „löggualeik?“.



Taka má á í íþróttum í sumarstarfinu.



Kennararnir fara líka í fótabað.



Á leið í sund í sumarstarfinu.



Netverslun:  
systrasamlagid.is



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053



# Frístundaheimilin komin úr sumarfríi

Nú erum við komin til baka úr sumarleyfum úthvöld og spennit fyrir komandi vetrarstarfi. Sumarfrístundin klárar síðustu vikurnar núna fram að skólabyrjun og svo hefst hefðbundið vetrarstarf hjá okkur á svipuðum tíma og skólarnir.

Þessar ágústvikur eru einnig sá tími sem starfsfólk frístundaheimilanna og félagsmiðstöðvanna kemur saman og skipuleggur vetrarstarfið enda að mörgu að huga þegar dagskrár eru útbúnar og við að taka á móti nýjum árgöngum.

Við erum rosalega spennt að kynna nýjum börnum og unglingum í vetur og efla tengslin við þau sem hafa verið með okkur áður. Við hvetjum ykkur til að huga að því hvort þið séuð ekki örugglega búin að sækja um vistun á frístundaheimili barnsins ykkar en það þarf að gera á hverju ári. Einnig hvetjum við ykkur til að fylgjast með á heimasíðu félagsmiðstöðvar unglingsins hvenær starfið þar byrjar. Við hlökkum til að eiga áfram gott samstarf við öll í hverfinu í vetur.



Leikir og skemmtilegheit voru ríkjandi í starfi frístundamiðstöðvanna í sumar.

## Er kominn tími til að gera eitthvað?

Ný námsleið og námskeið hjá Hringsjá

Hringsjá býður úrval af öðru-vísi og spennandi námskeiðum sem hafa hjálpað mörgum að komast aftur eða í fyrsta sinn af stað til meiri virkni, meiri lífsgæða og fleiri valkosta í námi eða starfi.

Ég heiti  
Svala Breiðfjörð  
Arnardóttir

Ég er löggiltur bókarí  
hjá Hringsjá náms- og  
starfsendurhæfingu.

Ég var nemandi í  
Hringsjá náms- og  
starfsendurhæfingu.

„Hringsjá breytti lífinu til hins betra.  
Í dag er ég í draumastarfi og elska  
að vakna á morgnana.“



### Daglegt líf með ADHD

Aukin þekking og skilningur á ADHD. Betri leiðir til að takast á við algenga erfiðleika sem oft fylgja ADHD eins og til dæmis skipulagsvanda, frestun, tímablindu, hvatvísi og gleymsku.

### Geðheilsa og lífsgæði

Kenndar leiðir til að bæta líðan og lífsgæði með árangursríkum hætti.

### Ná betri tökum á reiði og öðrum tilfinningum

Fræðsla um reiði, líkamleg einkenni hennar, hugsanir og aðrar erfiðar tilfinningar. Kenndar eru leiðir til að ná tökum á erfiðum hugsunum, tilfinningum og viðbrögðum.

### Matsbraut – ný námsleið

Tveggja mánaða námsleið fyrir þá sem þurfa að auka daglega virkni og sem stefna á nám. Dagskráin miðar að því að styrkja sjálfsmynd þátttakenda og stuðla að jákvæðu viðhorfi til náms eða starfs. Nálgun er einstaklingsmiðuð og efnistök fjölbreytt.



**Hringsjá**  
Náms- og starfsendurhæfing

Upplýsingar og skráning  
í síma 510 9380 eða  
á staðnum að Hátúni 10d.

Heimasíða: [www.hringsja.is](http://www.hringsja.is)  
Netfang: [hringsja@hringsja.is](mailto:hringsja@hringsja.is)  
Facebook: [facebook.com/hringsja](https://facebook.com/hringsja)

## Opin vika í grunnnámi í listdansi



Haustönnin er að hefjast hjá okkur í Dansgarðinum - Klassíska listdanskólánum og það er alltaf mikil tilhlökkun að hitta nemendur og að byrja nýtt dansár, segir Ellen Harpa aðstoðarskólaflokkari Klassíska listdanskólans. Við ætlum að bjóða upp á opna viku dagana 28. ágúst - 1. september þar sem allir krakkar á aldri- num 8-15 ára fá tækifæri til að koma í heimsókn til okkar og prófa danstímana sem eru í boði. Allir eru velkomnir á opnu vikuna og hægt er að hafa samband við skrifstofu skólans á [info@ballet.is](mailto:info@ballet.is) til að skrá sig.

Námið sem við bjóðum upp á heitir grunnnám í listdansi og er kennt eftir aðalnámskrá listdanskólanna. Grunnnámið samanstendur af klassískum ballet, nútímalistdansi, samtímadansi, spuna, táskótækni og sögulegum dansverkum, auk þess sem nemendur taka þátt í sýningum. Við leggjum sérstaka áherslu á þjálfun einstaklingsins og að allir fái að þróa hæfileika sína frá upphafi undir gæðaleiðsögn, segir Ellen.

Skólinn er staðsettur í Álfabakka 14a á 3. hæð, þar sem yngri nemendur skólans stunda dansnám, og á Grensásvegi 14, þar sem unglingastigin æfa.



## Nýjar haustvörur streyma inn



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | [www.belladonna.is](http://www.belladonna.is)





HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

Mörg frístunda-  
tækifæri í  
Breiðholti

Nýtt tímabil að hefst í Breiðholti – Mikilvægt að foreldrar nýti frístundastyrkinn. Nýtt misseri er nú að hefjast hjá íþrótta- og frístunda-aðilum samhliða skólabyrjun. Mikilvægt að foreldrar skoði með börnum mikið og gott framboð frístunda og íþrótta innan Breiðholts.

Það er aldrei of oft kveðið hversu mikilvægt það er að stunda íþróttir og eða hafa áhugamál bæði vegna hreyfingarinnar, en ekki síðu þar sem hægt er að efla félagsleg tengsl. Þau áhrif sem hreyfingin hefur á andlegan og líkamlegan þroska er ótvíræð og er það tíðrætt þegar vitnað er í rannsóknir. Félagslagslegur þroski og vinabönd sem myndast er annar þáttur sem ekki síður er mikilvægur. Þátttakendum sjálfum (börnum og ungmennum) telja vinabönd, sem myndast einn ríkasta þáttinn vegna þátttöku sinnar í íþróttum og frístundum. Mörg þessara vinasambanda hafa varað út lífið og því til mikils unnið.

Tækifærin í Breiðholti, til að stunda uppbyggilegt frístundastarf eru mjög fjölbreytt. ÍR, Leiknir og Ægir bjóða, samanlagt mjög breitt val íþróttagreina að velja úr. Skátafélögin bjóða upp á skátastarf, Dansgarður og Dansskóli Brynju Péturs bjóða upp á dansnámskeið, Tónskólar Sigursveins og Eddu Borg bjóða upp á tónlistarnám og Huginn skákfélag upp á skákæfingar. Félagsmiðstöðvarnar Hólmasel, 111 og Bakinn starfrækja fjölbreytt félagsstarf fyrir börn og unglinga á þremur stöðum í Breiðholti.

Nýir aðilar og tækifæri

Nýir aðilar og ný tækifæri – Mikil aukning hefur verið á úrvali á viðfangsefnum og munum við halda áfram að taka við ábendingum frá foreldrum og börnum ef þörf er. Í Austurbergi er rými til þess að bæta við íþróttum. Munum við hjálpa til við að koma þeim á ef óskað er eftir því. Með endurskoðun á rekstri Austurbergs verður mögulegt á að bregðast við með nýjum íþróttagreinum og hvetjum við því íbúa að hafa samband með hugmyndir sem hægt væri að bjóða uppá.

Um leið og við ítrekum við foreldra að hvetja börn og unglinga til þátttöku viljum við óska eftir samvinnu við foreldra og fagfólk í hverfinu að vera vakandi þegar kemur að fjármögnun þátttöku barna og unglinga í frístundum og og íþróttum. Ef vitneskja liggur fyrir um að börn og unglingar geti ekki tekið þátt í íþrótta- og frístundastarfi vegna fjárhagserfiðleika á heimilinu er hægt að leita stuðnings hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts. Þá hafa ýmsar skemmtilegar hugmyndir verið í vinnslu hjá íþróttafélögunum s.s. gjaldfrjáls endurnýting eldri búnaðar fyrir yngri iðkendum o.fl.

Með kveðju  
Jóhannes Guðlaugsson  
Verkefnistjóri frístundaverkefnis hjá Suðurmiðstöð Mjódd



Jóhannes Guðlaugsson.

Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973

Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Valgeir Árni í Leikni

Valgeir Árni Svansson er genginn til liðs við Leikni frá Fylki. Um er að ræða 25 ára réttfættan varnarmann sem alinn er upp í Aftureldingu en spilaði í fyrra með Hönefoss í norsku neðri deildunum.

Hjalti Sigurðsson er á leið til Bandaríkjanna að feta menntavegininn í ágúst og því var nauðsynlegt að sækja liðsstyrk í hans stað í glugganum. Valgeir skrifar undir til 2024 og Leiknir bjóðum kappann kærlega velkominn í Breiðholtið.



Valgeir Árni Svansson á vellinum.

Jón Hrafn framlengir

Jón Hrafn Barkarson hefur framlengt samningi sínum við Leikni út næsta leiktímabil. Þessi spræki 19 ára kantmaður hefur verið að koma sterkur inn á þessu tímabili og því eru þetta frábærar fréttir fyrir það starf sem Fúsi og Donni eru að vinna með hópinn og kemur í kjölfar þess að tvö önnur ungstirni framlengdu í síðustu viku, þeir Davíð Júlían og Róbert Quental.

Jonni er kominn í 28 leiki í deild og bikar með

meistaraflokki félagsins, þar af 9 á þessu tímabili. Hann ól manninn í Garðabænum hjá Stjörnunni en er búinn að vera með okkur í Breiðholtiinu síðustu 3 ár við góðan orðstír og virðist vera að blómstra núna í og við byrjunarliðið í baráttunni í Lengjudeildinni. Leiknir óskar Jonna og öllum hjá félaginu til hamingju með þennan ráðahag og fulla ferð áfram upp töfluna með þetta vopn í búrinu okkar.



Jón Hrafn er fyrir miðju á myndinni.



www.leiknir.com



BÝR DANSARI Í ÞÉR?

BALLETT

FJÖLSKYLDUTÍMAR

FLAMENCO

KRÍLADANS

NÚTÍMADANS

PILATES

SKAPANDI DANS

STRÁKATÍMAR



DANS FYRIR ALLA!  
DANSGARDURINN.IS



Álfabakki

Grensásvegur

Eiðistorg



GETRAUNANÚMER  
LEIKNIS ER 109



GETRAUNIR.IS



# Drengjaliðið vann bikarinn

Drengjaliði ÍR 15 ára og yngri vann bikarinn þegar bikarkeppni FRÍ fór fram á ÍR vellinum laugardaginn 12. ágúst. ÍR átti lið í karla- og kvennaflokki, tvö stúlknalið í flokki 15 ára og yngri og eitt drengjalið í flokki 15 ára og yngri. Drengirnir gerðu sér lítið fyrir og sigruðu keppnina þrátt fyrir að vera aðeins sjö í þeim tíu greinum sem keppt er í auk 1000 metra boðhlaups.

Liðið skipuðu Stefán Hugli Sveinbjörnsson sem keppti í 100m hlaupi, Hilmar Ingi Bernharðsson sem keppti í 300m en bæði Stefán og Hilmar bættu sinn besta árangur. Hrafnkell Viðarsson keppti í 1500m og kom þar fyrstur í mark, Sölvi Hrafn Arnþórsson í 100m grindahlaupi og varð þar annar í mark og bætti sinn besta árangur, hann keppti einnig í hástökki. Tómas Ingi Kermen (12 ára) keppti í langstökki, Benedikt Gíslason í kúluvarpi þar sem hann sigraði með 3 m og bætti sinn besta árangur. Gísli Benóný Ragnarsson varð annar bæði í spjókasti og kringlukasti og



Bikarmeistarar drengja í frjálsíþróttum.

bætti sinn besta árangur í spjóttinu. drengjasveit ÍR á flottum tíma og í 1000 metra boðhlaupi sigraði voru öruggir sigurvegarar.

# Frábær árangur hjá ÍR stelpum á EM í frjálsum

ÍR-stelpurnar í frjálsíþróttum náðu stórkostlegan árangri á EM U23.

Elísabet Rut Rúnarsdóttir varð í fimmta sæti í á EM U23 ára sem haldið var í Amsterdam í júlí. Elísabet kastaði lengst 65,93m sem kom í síðustu umferð og er næst lengsta kast hennar á ferlinum. Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir var grátlega nálægt því að komast í úrslit með kasti sínu upp á 62,21m en hún varð fjórtánda í heildina og hefði þurft hálfan meter í viðbót til þess að komast í úrslitin. Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir varð fjórða í sínum riðli í 100m hlaupi og kom í mark á tímanum 11,92 sek. en hún var óheppin með vind, -1,3 m/s. og dugði tíminn því miður ekki áfram í undanúrslitin. Guðbjörg keppti einnig í 200m og varð tíminn hennar 24,19 sek. (+0,7 m/s.) Hún varð 24. í heildina í báðum greinum.



Elísabet Rut Rúnarsdóttir



## ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.

## ÁFRAM ÍR

ÍÞRÓTTAFÉLAG REYKJAVÍKUR

# ÍR DAGURINN

26.ÁGÚST

OPID HÚS SKÓGARSELI 12

KYNNING Á STARFI ÍR FYRIR VETURINN 2023/24

AÐSTOÐ VIÐ SKRÁNINGU Í SPORTABLER

- Skothraðakeppni í handbolta
- Knottþrautir
- Frjálsíþróttamót og tímatökur
- Stinger-mót
- Skátafélagið Segull
- Keilubraut
- Karate-kynning
- Pylsugrill

# SmíðaVík

GÓÐIR Í GLUGGUM OG HURÐUM

Ef þarf að skipta út gleri, bæta þéttingu glugga og hurða, lagfæra glugga og hurðir eða skipta því út fyrir nýju erum við réttu mennirnir.

Við höfum góða reynslu í þessum efnum.

smidavik@smidavik.is  
sími 898-0503  
Guðlaugur



# Lyfjaval

HEILSA & HAMINGJA

## Bílaapótekið í hverfinu

**Tvær bílalúgur**  
**Einfalt og þægilegt**



**Opnunartími**  
**Suðurfelli 4**

**Virka daga**  
**8:30-20**  
**Laugardaga**  
**11-17**

Glæsibæ • Bílaapótek Vesturlandsvegi • Urðarhvarfi • Mjódd  
Bílaapótek Hæðasmára • Bílaapótek Reykjanesi • Bílaapótek Suðurfelli